

fljótt sem verða má, þannig að krafa áfryjanda Björns kaupmanns Sigurðssonar um 1683 kr. 76 a. ásamt 6% vöxtum frá 1. janúar 1903 til borgunardags verði til greina tekin og greidd úr búinu.

Mánudaginn 6. marz mánaðar.

Nr. 2/1905:

Réttvísinn

gegn

Einari Guðmundi Sigurðssyni.

D ó m u r:

Mál þetta, sem höfðað er í héraði gegn Einari Guðmundi Sigurðssyni á Einifelli í Mýrasýslu fyrir tilraun til þjófnaðar, var dæmt fyrir aukarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 11. nóv. f. á. á þá leið, að ákærði var dæmdur til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 3 daga og til að greiða allan kostnað af sökinni, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns hans í héraði, Jóns Tómassonar, 4 kr.

Dómi þessum hefir eftir ósk hins ákærða verið áfrýjað til landsyfirréttarins.

Málsatvik eru þessi:

1. dag aprilmán. f. á. kom Tómas bóndi Guðmundsson á fund sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og kvartaði um að honum hefði þá um veturinn verið að hverfa hey á nóttum og að hann hefði sambýlismann sinn á Einifelli, ákærða, grunaðan um þessa heytöku. Tómas kom í annað siun til sýslu-

manns 5. s. m. og skýrði frá, að hann hefði 2 nóttum áður látið dætur sínar tvær vaka í heygardinum og hafi þær þá staðið ákærða að verki, er hann var að leysa hey í heygardinum.

Ákærði hefir ávalt í prófunum staðfastlega neitað því, að hann nokkurn tíma hafi stolið heyi frá Tómasi sambylismanni sínum eða gjört tilraun til þess. Sannanir þær, sem héraðsdómarinn byggir áfellsdóm sinn á, er því eingöngu framburður — reyndar eiðfestur — tveggja dætra Tómasar, Elínar og Ingunnar, sem voru, þegar þær segjast hafa staðið ákærða að verknadnum — eða á páskadagskvöldið f. á. — Elín á 17., en Ingunn á 15. ári. Framburður þeirra, sem í hinu verulegasta er samhljóða, er þessi: Á páskadagskvöld f. á. hafi þær að boði föður þeirra vakað úti í heygardi hans í heyskjólinu til þess að reyna að komast fyrir, hver valdur væri að heyhvarfi því frá föður þeirra, sem hann þóttist verða fyrir; hafi þær farið út um háttatíma og með þeim unglíngur, annar bróðir þeirra, til þess að láta hurðina fyrir heyskjólið, er þær væru komnar inn í það. Að því búnu hafi hann farið heim í bæ. Þær hafi að eins verið búnar að vera litla stund í heyskjólinu, er hurðin var tekin frá opinu, og hafi ákærði komið inn og hundur hans með honum, en hann hafi sveiað honum út, og hafi þá hundurinn fyrst hvarflað til þeirra og síðan farið eitthvað út. Þær hafi heyrt ákærða fara að leysa hey, en ekki hafi þær séð það; hann hafi hvorki haft með sér meys né poka, en heynál muni hann hafa haft með sér, því engin heynál muni hafa verið þar fyrir. Ekki hafi þær séð framan í ákærða og ekki hafi þær séð, hvort hann hafði höfuðfat, en klæddur

segja þær hann hafi verið; þær hafi yrt á hann, en hann ekki svarað. Þær þykjast hafa þekt hann á fótatakinu, vextinum og útlitinu. Göngulag hans sé einkennilegt, því hann sé eitthvað bilaður í fótum. Þegar þær voru búnar að yrða á hann, hafi þær farið út úr skjólinu; önnur þeirra, Ingunn, hafi farið heim að bæ, til þess að segja frá, hvers þær hafi orðið vísari, en Elín hafi beðið fyrir utan skjólið. Þetta hafi verið eitthvað á 11. tímanum. Eftir litla stund hafi Ingunn komið aftur og með henni móðir þeirra; hafi þær kveikt á eldspýtum í skjólinu, en engan mann séð þar; muni hann hafa getað komist út úr skjólinu annarsstaðar en um hið venjulega op. Síðan hafi þær farið heim og hafi móðir þeirra gætt að því, hvort dyrnar á bæ ákærða væru læstar, og hafi það reynst vera.

Áreiðanlegleiki þessa framburðar stúlkunnanna veikist að mun af ýmsu sem nú skal greina:

Þær hafa ýmist borið, að þetta hafi verið á páska-dagskvöldið eða á annan í páskum um kvöldið; fyrst báru þær, að þær hefðu báðar farið heim að bæ eftir að þær ávörpuðu ákærða; síðan breyttu þær því á þá leið, að að eins önnur hefði farið, en hin beðið við heyskjólið; önnur þeirra segir, að ákærði hafi, þegar hann tók hurðina frá opinu, sett hana austanmegin opsins, en hin, að hann hafi sett hana vestanmegin við það. Þar sem þær hafa borið, að ákærði hafi hvorki haft meys eða poka með sér, þá er það mjög ósennilegt, að sá, sem ætlar að stela heyi, hefði ætlað að bera það í fanginu og þannig láta slóðann koma upp um sig. Þær hafa borið, að það hafi verið nokkuð skuggsýnt, er þetta gjörðist; veður hafi að vísu verið gott,

en hann hafi verið þykkur og fjúk farið að slíta úr honum; þegar nú þessa er gætt og hins vegar þess, að á páskadaginn 3. apríl f. á. settist sólin klukkan tæplega 7 e. m., en þetta á að hafa gjörst á 11. tímanum, þá er mjög ólíklegt, að þær hafi getað séð það, sem þær þó þykjast hafa séð, sem sé, hvort maðurinn var með meys eða poka, hvernig hann var klæddur o. s. frv. En að þær í myrkri hafi getað þekt mann að eins á göngulagi eða fótataki, það er að minsta kosti vafasamt

Eins og áður sagt, hefir ákærði stöðugt neitað því, að hann nokkru sinni hafi tekið eða ætlað eða reynt til að taka hey frá sambýlismanni sínum.

Bústýra ákærða, Ingibjörg Jóhannesdóttir, hefir borið, að ákærði hafi aldrei farið út úr bænum eftir að hann var háttaður veturinn 1903—4, og þá heldur ekki á páskadagskvöldið f. á. Hann hafi það kvöld háttað um leið og hún, á 10. tímanum, en þau sváfu í sama baðstofuherberginu, og hefði hann klæðst aftur og farið út, þá hefði hún hlotið að verða vör við það, því að hún sé svo svefnstyggt, að hún vakni við hina minstu hreyfingu í baðstofunni; þar sem eitt vitni, kona Tómasar Guðmundssonar, hefir borið, að Ingibjörg hafi sagt sér, að ákærði hafi eina nótt um mánaðamótin góu og einmánaðar í ofsaveðri farið út til þess að troða upp í brotna rúðu, þá hefir Ingibjörg þverneitað að hafa talað það. Húskona, sem býr í afþiljuðu herbergi í baðstofu ákærða, hefir einnig borið, að hún hafi aldrei orðið vör við, að ákærði hefði farið út á næturþeli, og að hún ekki hafi orðið vör við neitt það, er gæti gefið henni grun um, að ákærði tæki hey frá sambýlismanni

sínum. Eftir því sem upplýst er í málinu, verður eigi álitid, að ákærði hafi verið í heyþröng þennan vetur. Ákærði hefir ágæta vitnisburði um hegðan frá þeim, er hann hefir verið vinnuhjú hjá.

Samkvæmt áðursögðu verður því ekki álitid, að vitnisburður systranna Elínar og Ingunnar, sem allur virðist bera vott um það, að þær fyrir fram hafi verið sannfærðar um að ákærði væri sekur, sé næg sönnun fyrir sekt ákærða, og ber því að sýkna hann af ákæru sóknarans í þessu máli. Samkvæmt þessum úrslitum ber að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til Jóns Tómassonar, sem virðist mega ákveða 5 kr. eftir kröfu hans og málsfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra, af almannafé.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmat.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn ákærði Einar Guðmundur Sigurðsson á að vera sýkn af ákæru sóknarans í máli þessu. Málskostnaður fyrir báðum dómum, þar með talin málsvarnarlaun til Jóns Tómassonar, talsmanns ákærða í héraði, 5 kr., og málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málafutningsmannanna Páls Vidalin Bjarnasonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafé.